

Próventugerningur Margrétar Gunnsteinsdóttur

Þí. Skjalasafn Stiftamtmanns III. Nr. 2.2. 18. maí 1641

Það giörum vier eptterskrifader menn Jon Oddsson Biorn Thómasson Einar Jónsson Olafur Eiölfsson Loptur Sueinsson og Lopttur Jónsson góðum mönnum kunnugt með þessu voru opnu brefe ad árum eptter Christi fædingu 1641 þann 18 maí ad Kópavogie á Seltiarnarnese settu hierads Þynge vorum vier i hiá saum og heyrðum á, ord og handsöl þessara eptterskrifadra persóna. Af einnre alfu Erligs og Velackttads mans Jens Sefrinssonar, fóweta yfer Islande uppá Konglegrar Maiestatis og syns Velbyrduga hwsbonda Erligs Welb Pros Munds vegna og eptter hans Welburdugu bifalningu. Enn af annare álfu Margrietar Gunnsteinsdóttur. Faldist það under ordum og handsölum greindra persóna ad Margret Gunsteinsdóttur gaf med sier i proventugiöf adur greindum fóweta Kong May og Erligs Welb. Pros Munds vegna fimtán hundrud i jörðunne Arnarhollte, liggjande á Kialarnese i Brautarholltz kirkjusóknn af huerium ad árlega i landskyllid gefast tiju aurar med öllum þeim gögnum og giæðum, ítökum, eignum og öðrum hlunnendum til lands og vatns fialls og fiöru sem ádur greindum XV hundrudum fylgia og fylgt hafa ad fornu og nyiu og Margriet vard framast eigande ad, öllu tilteknu, enn öngue fraskildu Konglegre Maiestat og Danmerckur krwnu til æfinlegrar eignar undan sier, og synum erfingium, hafde greind Margriet Gunsteinsdóttur lögbodid sögd XV hundrud synum syfiamönnum ad Esiubergs þynge Anno 1640 þann 22 dag augusti fyrer sitt fæde og lyfs forsorgun og kunnu þeir það ei giöra, hældur gáfu henne leyfe, huerium þeim selia sem hunn villde. Jtem handsalade hennar dóttur nu fyrer vorre siön fówetanum sitt fullkomlegt leyfe til þessarar próventu giafar og medkiende sig i önguan máta kunna fyrr-nefnd XV hundrud ad kaupa. Hier i mót lofade fóweten Jens Sefrinsson Kong May og syns Welburduga húsbónða vegna optnefndre Margrietu fæde og forsorgun ad Videyar klaustre so leinge sem hennar lyf endtist eptter þui sem adrer veislumenn i sama klaustre hafande verda, ad þui tillögdu og tilskildu af Margrietu, ad hun vill árlega fá fiórar stikur vadmáls, og nær sem miólkur skorttur kann a klaustrenu ad verda, so henne verde ei miólkur matur gefen epter riettre sidveniu þá tilskilur hún sier þar i staden annan mat eda matarvirde til fullnadar. Og þessu iátade og lofade fóweten uppá Kong May og syns Welburduga junckurs vegna: optnefndre Margrietu fyrer sig og syna eptterkomendur, umbodzmennena a Bessastöðum uppá Konglegrar Maiestatis, og þeirra husbända vegna, ad stöðuglega halldast skyllde og hier uppá hafdi hann handsöl vid margnefnda Margriet Gunnsteinsdóttur. Enn þeir tiu aurar sem nu i næstum fardögum gefast af greindum XV hundrudum i landskyllid heyra Könglegri Maiestat til eptter þui Margriet hefur nu i vetur haft sitt fædi á Videyar klaustre. Og med soddan skilyrdum tilsagde Margriet optgreind XV hundrud i jörðunne Arnarhollte vndan sinne eign, umsiön og ábyrgd og allra sinna arfa, ad næstkomande fardögum enn Konglegri Majestat, og krwnunne til eignar. Og hans Majestatis lensmanne yfer Islandi til medtöku og allrar vmsiönar, og hans fóweta. Hueriu umbodzmadurinn þráttgreindur Jens Sefrinson iátade og undergieckst. Og uppá þennan allan fyrer ofanskrifadan giörning hafde fóweten og Margriet full handsöl. Til sannenda og fullrar stadfestu hier um, ad þesse giörningur suo frammfared hafe heingium vier vor innsigle under þetta bref huertt giörtt var i sama stad, deigie og áre sem fyrr seiger